

Reykjavík 21.01.08.

Nefndasvið Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla.

Ágæta nefndasvið.


Hér fylgir með umsögn Námsmatsstofnunar um frumvarp til laga um grunnskóla, ásamt tveimur fylgiskjölum. Stofnunin taldi ekki ástæðu til þess að tjá sig um önnur frumvörp sem send voru út, þar sem bæði frumvarp til laga um framhaldsskóla og frumvarpið um leikskóla falla að mestu utan við starfssvið stofnunarinnar. Í frumvarpinu um framhaldsskóla er raunar minnst á viðmiðunarpróf/könnunarpróf sem ráðherra getur látið skólum í té, en að svo komnu máli sér stofnunin ekki ástæðu til þess að tjá sig um þetta atriði þar sem margt varðandi þessi próf er þess eðlis að það þarfnast nánari skýringa áður en stofnunin getur tjáð sig um tillöguna.

Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda er jafnframt alfarið utan verksviðs Námsmatsstofnunar og því er ekki fjallað um það.

Stofnunin er í heildina mjög jákvæð gagnvart öllum þeim breytingum sem hér eru boðaðar, þó umsögn hennar fjalli einvörðungu um samræmd próf og skyld efni.

Virðingarfyllt

F. h. Námsmatsstofnunar


Júlíus K. Björnsson forstöðumaður



NÁMSMATSSTOFNUN

Nefndasvið Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn frá Námsmatsstofnun um frumvarp til laga um grunnskóla. Þskj 319 – 285 mál.

39. gr.

Samræmt námsmat.

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum, leggur grunnskólum í því skyni til samræmd könnunarpróf og annast framkvæmd samræmds námsmats.

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skulu lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skulu þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Önnur próf skal halda samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Skólastjóra er heimilt ef gildir ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum prófgreinum 4., 7. og 10. bekkjar.

Námsmatsstofnun eða annar til þess bær aðili, sem ráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd samræmds námsmats og prófa samkvæmt grein þessari. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats, prófa og rannsókna í grunnskólum og undanþágur nemenda frá samræmdu námsmati, samkvæmt þessari grein.

Umsögn:

Námsmatsstofnun er almennt mjög hlynnt þeim breytingum sem hér eru lagðar til, þar sem þær miða að því að gera samræmd próf nýtilegri fyrir vinnu nemenda og kennara og fjarlægja marga af þeim göllum sem hrjá núverandi kerfi. Lögð er áhersla í frumvarpinu á þær þrjár grunngreinar sem flest annað nám byggist á og er þessi breyting mjög í samræmi við breyttar áherslur í sýn manna á skólustarf og einstaklingsmiðað nám. Í greinargerð frumvarpsins er minnst á rafræn einstaklingsmiðuð könnunarpróf og er sú áhersla afar mikilvæg, þar sem hér er komið til móts við kröfur skóla og nemenda um að námsmat miðist við getu hvers einstaklings og sinni þörfum hans. Rafræn einstaklingsmiðuð próf sem laga sig að getu hvers og eins hafa þann eiginleika að geta mælt jafn nákvæmlega getuna hjá öllum nemendum, hvort sem þeir eru mjög góðir eða slakir í viðkomandi grein. Því henta þau afar vel þeirri áherslu á einstaklingsmiðað nám sem nú um stundir er mjög áberandi í skólakerfinu.

Þessi breyting hefur þó í för með sér ýmislegt sem ákvarða þarf nánar og er í meðfylgjandi minnisblaði og greinargerð gerð nánari grein fyrir þeim atriðum.

Í 39. gr. er einnig minnst á önnur próf sem ráðherra getur gangsett og er þar líklega átt við próf í þeim greinum sem felldar eru á brott í frumvarpinu, samfélagsfræði, náttúrufræði, öðrum tungumálum en ensku og líklega er einnig átt við verk- og listgreinar. Hugsanlega má gera ráð fyrir því að þessi próf yrðu haldin með einhverra ára millibili, en slíkt fyrirkomulag hefur áhrif á bæði þá aðferðafræði sem notuð yrði og jafnframt afleiðingar fyrir þær niðurstöður sem kæmu út úr slíkum prófum. Þá yrði lítil áhersla á einstaklingseinkunnir og því yrði hlutverk slíkra prófa líklegast




NÁMSMATSSTOFNUN

fyrst og fremst að mæla frammistöðu kerfisins í ákveðnum greinum og jafnframt að fylgjast með breytingum á þeirri frammistöðu yfir tíma. Því þyrfti að byggja slík próf upp á allt annan hátt en núverandi próf og á enn annan hátt en gert er ráð fyrir í rafrænum einstaklingsmiðuðum prófum. Líklegt væri að best að nota svokallaðar “matrix sampling” aðferðir, sem eru sambærilegar þeirri aðferðafræði sem notuð er í stórum alþjóðlegum rannsóknum svo sem PISA. Nefna má að í Svíþjóð er ætlunin að gangsetja slík próf sem ætlað er að meta kerfið í heild og breytingar yfir tíma.

Að lokum er rétt að endurtaka að Námsmatsstofnun álítur þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á samræmdum prófum til verulegra bóta þar sem þær ættu að leiða til þess að nemendur, kennarar og forráðamenn nemenda fái betri upplýsingar í hendur um stöðu hvers og eins nemanda, ásamt því að upplýsingarnar um skólakerfið í heild gætu orðið verulega betri en nú er. Sú áhersla sem kemur fram í frumvarpinu á að fylgjast með breytingum yfir tíma eru afar mikilvægar og bæta úr núverandi skorti á slíkum upplýsingum.

Flest þeirra atriða sem hér hafa verið nefnd þarf að útfæra mun nánar í reglugerð og verkáætlunum um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru.

F.h. Námsmatsstofnunar


Julius K. Björnsson forstöðumaður

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað um innleiðingu rafrænna samræmdra prófa.
2. Einstaklingsmiðuð tölvuvædd könnunarpróf (ETK): Drög að þróunarverkefni.